

Ed.

464. Breytingartillögur

[173. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

I. Við 1. gr.

1. Upphaf 10. liðar orðist svo:

Aftan við nr. 39.07.66 í 23. lið 1. gr. laga nr. 15 21. maí 1964 komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

2. 12. liður breytist þannig:

Í stað „35%“ í nr. 64.01.01 í 50. lið 1. gr. laga nr. 15 21. maí 1964 komi: 25%.

II. Við 2. gr.

1. Framan við gr. bætist:

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

2. 2.—3. málsg. orðast þannig:

27. liður 3. gr. laga nr. 7 29. apríl 1963 orðist svo:

27 Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 250 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungna-sjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 70 þús. krónum.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir sama fólk og um getur í 1. mgr., til endurveitinga á áður veittum eftirgjöfum.

3. Upphaf síðustu málsg. orðist svo:

Á eftir 39. lið 2. gr. laga nr. 15 21. maí 1964 komi nýir liðir, svo hljóðandi:

III. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi 84., 85., 86., 87. og 88. liður 1. gr. og 3. liður 2. gr. laga nr. 15 21. maí 1964 og lög nr. 5 25. febr. 1965.

IV. Við fyrirsögn frumvarpsins bætist: og breyting á lögum nr. 15 21. maí 1964, um breyting á þeim lögum.